

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR				
Stjórnarfundur nr. 1 2016	1	Dagsetning	26. janúar 2016	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Ríkiskaup				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, HÓS, ISS, GSB, BE, (KLÁ, MH, SLB).				
Fylgiskjöl					
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var ekki lögð fram, en send í tölvupósti á stjórn.

2. Næstu morgunverðarfundir

BK hefur rætt við Sjöfn hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála um fræðslufundi vorsins. Á morgun 27. janúar, er fundur þar sem fulltrúar kjara- og mannauðssýslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins kynna nýgerða kjarasamninga ríkisins og ræða þau verkefni sem liggja fyrir hjá stofnunum ríkis vegna endurskoðun stofnanasamninga. Efnisþættir kynningarinnar eru: aðdragandi og helstu forsendur nýgerðra kjarasamninga, yfirferð yfir helstu breytingar nýgerðra kjarasamninga, almennt um kostnaðarmat kjarasamninga, stofnanasamningar og næstu skref.

Ætlunin var að þann 10. febrúar yrði haldinn fundur um opinber innkaup og upplýsingatækni, einnig í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Ráðgjafanefnd um upplýsingatækni s.k. RUT-nefnd, sem starfaði í ráðuneytinu um aldamótin hefur verið endurvakin, og fjallað verður um mál á hennar vegum, en einnig kemur að fundinum IcePro – Samstarf um rafræn viðskipti. Síðan þá hefur fjármála- og efnahagsráðuneyti haft samband og beðið um að fundurinn verði haldinn síðar í vor.

Í mars er í undirbúningi fundur um nýsett lög um opinber fjármál nr. 123 / 2015. Nauðsynlegt er fyrir forstöðumenn að fá betri upplýsingar um framkvæmd laganna. Athuga þarf sérstaklega 20. gr. *Stefnumótun fyrir málefnasvið* og athugasemdir við þessa gr. í frumvarpinu. Ýmiskonar vinna er þegar í gangi varðandi stefnumótun.

Þá er tillaga um fund um áhrif stjórnháttanna á líðan og heilsu starfsmanna og þjónandi forystu. Samstarfsaðilar gætu verið Vinnueftirlitið, Stofnun stjórn mála og stjórnsýslu, þekkingarsetur um þjónandi forystu á Bifröst og Landlæknir. Einnig er áhugi á fundi um rafræn gögn sem verða til í öllum stofnunum, um varðveislu, skil til Þjóðskjalasafns og um opin gögn, þar sem almenningi er veittur aðgangur að gögnum ríkisstofnana og að hver sem er geti tekið til sín gögnin og unnið með þau og deilt þeim, m.a. við rannsóknir og nýsköpun. Samstarfsaðilar gætu verið umboðsmaður Alþingis og Innanríkisráðuneytið.

BK auglýsir ennfremur eftir fleiri hugmyndum.

Einnig kom fram tillaga um félagsfund þar sem forstöðumenn geti rætt málin í sínum hópi og styrkt og eftt hvern annan.

BK sagði frá því að fundurinn á morgun verði tekinn upp þannig að forstöðumenn geti nálgast hljóð og glærur eftir fundinn. Þetta er ný þjónusta á vegum Grand Hótel.

3. Vefur FFR

BK mun ræða við Ársæl Guðmundsson um flutning vefjarins í nýtt vefumsjónarkerfi Wordpress, en það hefur verið á döfnni. Talsvert efni er á vefnum og hann er því söguleg heimild. Talið er að kostnaður sé um 4-500 þúsund. Ekkert efni hefur verið sett inn síðan á aðalfundi í maí 2015. IS vill fá lykilorð til að setja inn fundargerðir. Þá hefur ekki verið sett inn mynd af stjórn. BK boðar myndatöku á næsta fundi.

4. Önnur mál

- Rætt var um tilraunaverkefni vegna Bókunar 2, í síðustu kjarasamningum, en um 30 stofnanir hafa tekið þátt í því verkefni. Uppgjörsfundur verður haldinn 28. jan. HÓS verður með erindi þar og rætt var um að taka málið á dagskrá næsta stjórnarfundar.
- IS tekur saman lista yfir nefndastörf stjórnarmanna og og hvort viðkomandi nefnd eða starfshópur sé virkur.
- Endurupptaka dómsmálsins átti að vera 6. janúar, en hefur enn ekki orðið. BK sendir fyrirspurn til dómsstjóra.
- Í nóvember var send umsókn um styrk til Starfsmenntunarsjóðs embættismanna til að kosta vinnu við að greina starfsumhverfi forstöðumanna, m.a. 5 ára regluna og útbúa tillögur inn í vinnu fjármála- og efnahagsráðuneytisins á þessu sviði. BK hafði samband við Önnu Antonsdóttur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, en hún sér um sjóðinn. Nú er verið að endurskoða reglur sjóðsins, en hún taldi að bréfið yrði tekið fyrir innan vikna.
- Rætt var um málefni fyrrverandi forstöðumanns Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/þátttaka	Ljúka fyrir
Undirbúningur fræðslufunda með Sjöfn	BK	15.02.2016
Auglýsa eftir hugmyndum að fræðslufundum	BK + allir	
Undirbúningur félagsfundar með vorinu	BK	
Nýtt vefumsjónarkerfi	BK o.fl.	
Myndataka af stjórn á næsta fundi	Allir	
Listi yfir nefndastörf stjórnarfólks	IS	20.02.2016